

**Nd.**

**140. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrri málgr. 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi í tvær kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hvora kjördeild. Er hreppstjóri oddviti annarar, en hreppsnefndaroddviti hinnar, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hvorri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd eianig kjörstjórnaroddvita í aðra kjördeildina.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslíð 9. gr. laganna komi: kaupstað eða hreppi verið skift.

Í stað orðanna »1. júlí það ár til 30. júní« í sömu grein komi: 20. júní það ár til 19. júní.

3. gr.

Í stað orðanna »1. júlí« í 10. gr. komi: 20. júní.

4. gr.

Í stað orðanna »(1. júlí)« í fyrri málslíð 11. gr. komi: (20. júní). Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málslíð 11. gr. komi: 20. júní.

5. gr.

Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málgr. 14. gr. komi: 20. júní.

6. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. komi: laugardagurinn í 11. viku sumars.

7. gr.

Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sjæ til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ógildur er sedill í tvímenningskjördæmi, ef aðeins einn er kosinn.

8. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

9. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögnum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einn lagi.